
HULDA HÁKON



HULDA HÁKON

Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
Apríl - Maí 1994

Myndlistarkonan Hulda Hákon hefur vakið verðskuldaða athygli á sínu sviði á undanförnum árum, ekki aðeins hér á landi, heldur og þar sem verk hennar hafa verið kynnt erlendis. Með hógværð og þokka orka þau þannig á skoðandann að hann efnir umsvifalaust til vináttu við þau - vináttu sem einungis góð listaverk megna að skapa. Sjálf segir hún í nýlegu blaðaviðtali eitthvað á þá leið að forvitni og opinn hugur sé nægilegt veganesti þeim sem vilja nálgast verkin á sinn persónulega hátt. Það eru orð að sönnu.

Með þessari sýningu gefst gestum Kjarvalsstaða tækifæri til að kynnast nýjum hliðum á listferli þessarar frábæru íslensku listakonu. Menningarmálanefnd Reykjavíkur er heiður og ánægja að því að stuðla að þeim kynnum.

Hulda Valtýsdóttir,
formaður

Hulda Hákon has been winning deserved attention on the art scene in recent years, not only in Iceland but also in other countries where her works have gone on show. Modest and appealing, these works give the impression of wanting to strike up an instant friendship with the viewer - the friendship that only good works of art are capable of establishing. In a recent newspaper interview, Hulda Hákon says that curiosity and open-mindedness are all that the viewer needs to approach her works in his or her own personal way. Everyone who sees them can certainly agree.

The present exhibition gives visitors to Kjarvalsstadir an opportunity to discover new sides to this outstanding Icelandic artist's career.

It is both an honour and a pleasure for Cultural Committee of the City of Reykjavík to play a part in helping these discoveries to be made.

Hulda Valtýsdóttir,
Chairman

Michael Glasmeier

„ HVERRA MANNA ERTU? “

Þegar grannt er skoðað eru allar þær duldir sem tengjast eldi sársaukafullar, þær valda sálarflækjum og eru þó ljóðrænar í senn - þær eru tvíhliða: þannig má finna paradís í hreyfingu eldsins jafnt og kyrrð hans, í loganum eða í öskunni.

Gaston Bachelard: *Sálgreining eldsins.*

Eitthvert óskilgreint samkomulag meinar samtímamönnum okkar að ræða um ákveðna hluti, til dæmis eld og blóm. Svo er að sjá sem vangaveltur um þessa hluti snerti strengi sem eru faldir djúpt innra með mannskepnunni og nútímamanninum hefur tekist afburðavel að þagga niður í; þær virðast vera næstum óþægilegar fyrir hann og vekja upp minningu um horfna frumgerð homo fabers. Reyndar hafa blóm og eldur frá öndverðu verið notuð til að myndgera hið sálræna. Bókmenntir, goðsagnir, listir og trúarbrögð grípa nánast áfergjulega til mynda af blómum og eldi til að lýsa og kalla fram það sem ekki er sýnilegt - andblæinn sem gefur efnislíkamanum líf. Enn í dag örlar á þessum töfrum elds og blóma við bálfarir þegar blómum þakin kistan hverfur á vald loganna, sömuleiðis við vissar trúarathafnir á stórhátíðum kristninnar. Þess utan eru blóm og eldur einungis höfð til fegrunar og yndisauka heima fyrir í líki skreytinga og kerta: „ARE YOU WAITING FOR SOMEONE?“

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að við værum á talsverðum villigötum ef við ætluðum að setja nýjustu verk Huldu Hákon í flokkinn „Missir sálarinnar“ og afgreiða þau þar með sem myndskreytingar við heimspeki og fagurfræði Sarah Kofmans, Jean-Francois Lyotards eða Peters Sloterdijks; því að Hulda er komin skrefi lengra. Verk hennar geta hvorki talist til velsæmistákna hins almenna táradals né eiga þau heima í fílabeinsturni hámenntaðrar fegurðardýrkunar. Þvert á móti tekst Huldu Hákon með undursamlegum hætti að umbreyta þeirri fjarlægð frá raunveruleikanum, sem gerir listina að list, í persónulegan stíl. Úr þessum samruna fjarska og nándar, hinni huglægu hlutlægni, skapast sögur, myndir, gátur, og léttleikinn (Italo Calvino) er slíkur að hann getur einungis átt rætur í óttaleysinu gagnvart því að segja sögu. Og þar með erum við komin að sálinni á nýjan leik eftir hringferli hugsunarinnar. Það er nefnilega sjálf frásögnin sem meðvituð aðgerð, og ekki kenningin eða list um listina, sem kallar hið sálræna fram. Michel de Certeau skilgreinir frásögn sem „aðlögun þekkingarinnar að fagurfræðinni“ með hversdagslegum aðferðum. Um slíka þekkingu fjalla verk Huldu Hákon, um ljóðrænu sem á uppruna sinn í hversdagsleikanum, upphefur hann, ekki til þess að hefja hann í upphæðir hátíðleikans heldur til þess að sýna það sálræna inntak sem í honum býr: „TO BE INVISIBLE; STAND ASIDE, LOOK IN THE OTHER DIRECTION .“

Listaverkið sem áhorfandinn stendur svo frammi fyrir er ótrúlega lifandi, frásögn svo mannleg að hún heillar hann með uppbyggingu sinni, litum, handbragði og léttu háði. Verk Huldu minna mig iðulega á stíl, starfshætti og vandvirkni Carls von Linné (1707-1778), þess óskipulagða skipuleggjanda, sem leikgerir athuganir sínar og þekkingu í lifandi myndum, en um hann skrifar Ossip Mandelstam: „Ég vil einungis minna á það að náttúrufræðingur (Linné) er atvinnusögumaður, kynnir nýrra og athyglisverðra tegunda.“

Þessi tilvitnun á fullkomlega við Huldu Hákon. Hinar athyglisverðu tegundir erum við nútímafólk með tungutak okkar, lífsstíl og þá aðferð okkar að ýta því til hliðar sem ekki nýtist okkur beint og milliliðalaust, einsog til dæmis eldi og blómum: „TO BE UNDERSTOOD; SPEAK CLEARLY, USE FACIAL

EXPRESSIONS AND BODY-LANGUAGE ."

Eins og yfirleitt í verkum Huldu er sagt frá þessu umfjöllunarefni á mismunandi flötum í skilningi ljóðvísindanna. Myndir af eldi og blómum, eiginlega af blómstri og logum, skiptast á með reglubundnum hætti. Þetta eru myndir smáatriða og lita sem taka myndlíkingu loga- og blómsturhafsins bókstaflega. Kvikt yfirborðið myndast úr litbrigðum hinna bláu, hvítdeplóttu blóma og roðagulum tungum loganna. Þegar ég sá nokkrar af þessum myndum í snævi þakinni Berlínarborg, þar sem Hulda gisti um þriggja mánaða skeið í hrörlegu vinnustofuhúsi, fann ég fyrir gusti sem hlaut að vera ástæðan fyrir taktfastri hreyfingu litaflatanna, fyrir öldugangi þeirra. Og því lengur sem ég horfði inn í myndirnar, þeim mun hærra gnauðaði vindurinn, því hærra varð snarkið í eldinum. Ég komst að þeirri niðurstöðu að mikill fjöldi sömu tegundar hlýtur næstum óhjákvæmilega að valda gný, nið, reynslu á ystu mörkum skynjunarinnar, sem Michel Serres álítur fylgihljóð mikillar sögu, og í þetta sinn er viðfangsefni hennar bruni og blómgun, vöxtur og hnignun, en einkum þó andardrátturinn sjálfur.

Í þessum sýningarsal hins taktfasta niðs sem geymir greinargerð um málaralistina, liggja á gólfinu einstakir logar og blóm í sama litskrúði. Einangrun þeirra í rýminu fyrir fótum manns flytur frásögnina á ný til sjálfrar jarðarinnar, og reyndar bera þessar þrívíðu smámyndir einhvern svip af leyndardómsfullum gestum frá fjarlægum hnöttum. Þær eru eins og aðkomumenn sem minna okkur á innfædda: „IS THERE ANY DANGER? "

Hin augljósu tengsl milli skúlptúrs og málunar má leysa á tveimur tímabrautum. Annað hvort hafa skúlptúrverkin dottið út úr myndunum og eru því skyld sjávardropum stækkuðum í smásjá, eða þau ætla að stökkva inn í myndirnar á nýjan leik og leysast með þeim hætti upp í fjölda tegundarsystkina sinna. Í þessu efni gefur Hulda Hákon okkur engar leiðbeiningar. Hins vegar búa þessi verk, eins og verk listakonunnar yfirleitt, yfir þriðja þættinum: tungumálinu. Setningarnar á milli myndanna túlka hið mannfræðilega svið. Rétt eins og aðskotahlutir, „objets trouvés", eru þær gripnar af handahófi úr óendanlegu hafi mögulegra orðaskipta. Þær miðla boðskap sem er vissulega skiljanlegur og fleytir frásögninni áfram, en ekki í þeim tilgangi að hamra á innihaldinu heldur til þess að veita þeim sem málið snertir - áhorfandanum - aðgang að leik andstæðnanna: „THE WONDERFUL, THE EXAGGERATED, THE IMPROBABLE, THE IMPROPER."

En þátttaka áhorfandans byggir ekki einungis á tungumálinu, á þeim möguleikum sem setningarnar búa til. Hann er hluti sviðssetningarinnar allrar. Hann myndar myndina um leið og hann neyðist til að afsala sér hinu þægilega hlutverki áhorfandans. Hann er inni í myndinni sem er samsett úr myndum, skúlptúr, orðum. Hann gengur gegnum blóm og eld, og líkamlegar hreyfingar hans móta skynjun hans og hún aftur hugsun hans um blóm og eld. Og einmitt í þeirri andrá hefur hann tækifæri til að meðtaka blómin og eldinn, ekki aðeins sem andstæður, sem táknmyndir saknaðar eftir óspilltum náttúrleika eða menningarsöguleg líkön, heldur fyrst og fremst til þess að skilja sjálfan sig sem hina æðstu tjáningu sérstöðu, særanleika og kímni. Áhorfandinn dregur andann. Slík er list Huldu Hákon.

Michael Glasmeier

" WHO ARE YOUR PEOPLE? "

Ultimately, all complexes associated with fire are painful ones, they can produce neurosis, but they also poeticize, and they represent reversible groups of ideas; one can find Paradise in living fire or in fire at rest; in the flame or in the ashes.

Gaston Bachelard: *The Psychoanalysis of Fire*

A consensus of opinion forbids contemporaries to speak for example of flowers or fire. It appears that reflections of this kind strike chords deep within the individual which modern man has succeeded in suppressing almost completely. Sounding them produces a sense of unease, reviving as it does the memory of outdated archetypes of homo faber. In fact, flower and fire images have always been metaphors for the spiritual and immaterial part of man. Literature, mythology, art and religion all display near obsession with flower and fire imagery as a means of describing and suggesting the invisible breath which gives the body life. We can still experience something of this flower and fire magic today at funerals, when the coffin, buried in flowers, is consigned to the flames; as well as in some of the ritual accompanying the festivals of the Church calendar. Otherwise, flowers and fire, especially in the form of crafted wreaths and candles, are simply decorative accessories for a kind of domestic cosiness. "ARE YOU WAITING FOR SOMEONE?".

However, I don't think we can get very far by trying to assign the most recent works of Hulda Hákon to a place under the heading "Loss of the Soul" and attempt to understand them as illustrations of the philosophy and aesthetics of Sarah Kofman, Jean-François Lyotard or Peter Sloterdijk. Hulda Hákon has already progressed a step farther. Her works belong neither to the conventions of a vale of tears school nor to the ivory tower of intellectual aestheticism. Hulda Hákon manages in a quite remarkable way to transform the distance between art and reality, which is what makes art what it is, into a personal style.

Out of this fusion of intimacy and distance into a kind of subjective objectivity arise scenes, images and riddles of a lightness (Italo Calvino) which is typical of the courage of the story-teller. And thus, in the circular movement so characteristic of thought, we return to the soul. It is actually the story as a series of imagined events and not as self-reflective art, which manifests spirituality. Michael de Certeau characterizes narration as an "Aesthetization of knowing" derived from everyday actions. This is the kind of knowledge we find in Hulda Hákon, a poetry which originates in ordinary and everyday things, and heightens them, not so that they can be translated into the realm of the sublime, but rather to reveal their spirituality. "TO BE INVISIBLE; STAND ASIDE, LOOK IN THE OTHER DIRECTION".

That which ultimately presents itself to the viewer as a work of art is something incredibly vital, a story which captivates him simply through its structure, humanity, colourfulness, unobtrusive irony and craftsmanship. Her works often remind me of the style, methods and delicacy of Carl von Linné (1707-1778), that unsystematic systematiser who lent his observations and knowledge a vital, theatrical form, and regarding whom Osip Mandelstam has written: "I would only like to remind people that the natural scientist (Linné) is a professional narrator, the presenter of new and interesting species."
This quotation is completely appropriate for Hulda Hákon.

The interesting species are we ourselves, her contemporaries, with our language, our life-style and our way of pushing aside anything which is not immediately useful to us, such as fire and flowers. "TO BE UNDERSTOOD; SPEAK CLEARLY, USE FACIAL EXPRESSIONS AND BODY-LANGUAGE".

In Hulda Hákon's customary manner, this theme is elaborated as a poetic science at different levels. Images of fire and flowers, actually blossoms and flames, alternate regularly. These are pictures which emphasize colours and detail and take the metaphors of a sea of flames and flowers literally. Their agitated surfaces emerge from the blue shades of white-speckled blossoms and the yellow tending to orange shades of the tips of the flames. When I first saw some of these pictures in the run-down studio in wintry Berlin, where Hulda Hákon had been invited to spend three months, I could actually feel a wind, which was probably the source of the rhythmics of these areas of colour; one senses the heaving movement of these surfaces. The longer I gazed into a picture, the louder the rushing of the wind and the crackling of the fire became. I came to the conclusion that the depiction of individuals of any species on a massive scale automatically leads to one's hearing a rushing sound, to a borderline experience of perception which Michel Serres calls the basic underlying sound of the great story, whose subject in this instance is not only burning, blooming, growth and decay but above all breathing.

Against the ground of this picture gallery of precisely modulated rushing, this treatise on painting, appear single flames and blossoms of the same vividness. Their plastic isolation at ankle-height leads the story back to the telluric level, the sculptures being in fact reminiscent of mysterious guests from far-away planets. They are like strangers who remind us of natives. "IS THERE ANY DANGER?".

The obvious linking of plastic forms and painting can be explained on two time tracks. Either the sculptures have fallen out of the picture and are thus similar to drops of sea water magnified under a microscope, or they want to jump back into the picture and de-materialize themselves into the mass of co-members of their species. Hulda Hákon gives us no hints, but as always in the works of this artist, there is a third level, that of language. The sentences between the pictures embody the anthropological realm. They are like objets trouvés, accidental finds washed up by the infinite sea of verbal communication. They communicate a message which is comprehensible and which impels the story forward, but they are not meant to engrave a meaning in stone, but rather to draw the one for whom it is told, the viewer, into the play of different ideas and opinions. "THE WONDERFUL, THE EXAGGERATED, THE IMPROBABLE, THE IMPROPER".

However, the viewer is present not only through language, through the possibility of making sentences. He is a part of the whole production. He now makes the picture, as he has been forced to give up his comfortable role as viewer. He is in the picture, which is composed of images, plastic forms and words. He walks through flowers and fire, and his physical movements determine his perception, which in turn determines his thought regarding flowers and fire. And exactly at this moment, he has the possibility of perceiving flowers and fire not only as opposites, as metaphors of longing for a natural condition or to accept them as paradigms of cultural history, but rather to understand himself as the highest expression of complexity, vulnerability and humour. The viewer breathes. That is the art of Hulda Hákon.



JÓSTEINN SEM BER INN SÖGUR

Hluti. Akríllitir á tré / Detail. Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm

HIÐ DÁSAMLEGA, ÝKJUKENNDA, ÓLÍKLEGA, ÓSIÐLEGA

Akríllitir á steypu / Acrylic on concrete 1994 75 x 90 cm



THERE MUST BE SOMEBODY SOMEWHERE DOING SOMETHING


Akríllitir á tré / Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm



ER HÆTTA Á FERÐUM?

Hluti. Akríllitir á tré / Detail. Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm






Vinnustofa / Studio



Akríllitir á tré / Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm



IS THIS YOUR FIRST VISIT?

Akrillitir á steypu / Acrylic on concrete 1994 75 x 90 cm




HVERRA
MANNA
ERTU?

Akríllitir á steypu / Acrylic on concrete 1994 10 x 55 cm



HULIÐSHJÁLMUR; STATTU TIL HLIÐAR, HORFÐU Í HINA ÁTTINA

Akríllitir á tré / Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm



TO BE UNDERSTOOD; SPEAK CLEARLY, USE FACIAL EXPRESSIONS AND BODY-LANGUAGE

Akríllitir á tré / Acrylic on wood 1993 75 x 75 cm



Hulda Hákon Fædd á Íslandi 1956

Menntun:

1977-81 Myndlista- og handíðaskóli Íslands
1983 School of Visual Arts, New York

Einkasýningar:

1984 Kaplakriki, Hafnarfjörður
1985 13th Hour Gallery, New York
1987 Gallerí Svart á hvítu, Reykjavík
1988 Gallerí Slúnkaríki, Ísafjörður
1989 Gallery Okra, Vantaa, Finnland
1989 Gallery Lång, Malmö, Svíþjóð
1990 Gallery Edward Thordén, Gautaborg, Svíþjóð
1991 Gallerí 11, Reykjavík
1992 Gallery Adelgatan 5, Malmö, Svíþjóð
1992 Gallery Krister Fahl, Stokkhólmur, Svíþjóð
1992 Gallery Pieni Agora, Helsinki, Finnland
1992 Mokka, Reykjavík
1992 Gallery 0-Zwei, Berlín, Þýskaland
1993 Gallery Nemo, Eckernförde, Þýskaland
1994 Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Reykjavík

Helstu samsýningar:

1983 Visual Arts Gallery, New York
1985 **Salon d´hiver**, St. Marks Gallery, New York
1985 **The Garbage Show**, Nico Smith Gallery, New York
1985 **Masters of War**, Ammo Gallery, New York
1986-87 **Miklatún-Manhattan**, farandsýning um Norðurlönd
1988 **Fimm ungir listamenn**, Listasafn Íslands
1990 **The Jubilate Exhibition**, Stockholm Art Fair, Svíþjóð
1990 **The Readymade Boomerang**, The 8th Biennale of Sidney, Ástralía
1990 **End of the century**, Muzé Dekorativnogo I Prikladnogo Isskustava, Moskva, USSR
1990 **New Scandinavian Painting**, ASF Gallery, New York
1991 **Stillstand Switches**, Shedhalle, Zürich, Sviss
1991 **Figura, Figura**, Göteborgs Konstmuseum, Göteborg, Svíþjóð
Figura, Figura, The Fruitmarket Gallery, Edinborg, Skotland
1991 **Art in the Streets**, Helsinki Art Festival, Finnland
1992 **Pictura**, Háskólinn í Lundi, Svíþjóð
1992 **Border Crossing**, Barbican Art Gallery, London, England
1993 **Zeit-Sichten**, Frauen Museum, Bonn, Þýskaland
1993 **Sculpture workshop at Otepaa**, Tallinn Arthall, Eistland
1994 Concourse Gallery, Barbican Art Centre, London, England

Verk í eigu opinberra safna:

Listasafn Íslands, Reykjavík
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Reykjavík
Nútímalistasafnið í Helsinki, Finnland
Listasafnið í Malmö, Svíþjóð
Espooborg, Finnland
Vantaaborg, Finnland

Born in Iceland 1956

Education

1977-81 The Icelandic College of Arts and Crafts
1983 School of Visual Arts, New York, USA

Solo Exhibitions

1984 Kaplakriki Hafnarfjörður, Iceland
1985 13th Hour Gallery, New York
1987 Gallerí Svart á hvítu, Reykjavík, Iceland
1988 Gallerí Slúnkaríki, Ísafjörður, Iceland
1989 Gallery Okra, (Helsinki Art Festival), Vanta, Finland
1989 Gallery Lång, Malmö, Sweden
1990 Gallery Edward Thordén, Gothenburg, Sweden
1991 Gallerí 11, Reykjavík, Iceland
1992 Gallery Adelgatan 5, Malmö, Sweden
1992 Gallery Krister Fahl, Stockholm, Sweden
1992 Gallery Pieni Agora, Helsinki, Finland
1992 Mokka, Reykjavík, Iceland
1992 Gallery 0-Zwei, Berlin, Germany
1993 Gallery Nemo, Eckernförde, Germany
1994 The Reykjavík Municipal Art Museum, Reykjavík, Iceland

1990 End of the century, Muzé Dekorativnogo I Prikladnogo Isskustava, Moscow, USSR
1990 **New Scandinavian Painting**, ASF Gallery, New York
1991 **Stillstand Switches**, Stedhalle Zürich, Switzerland
1991 **Figura, Figura**, Göteborgs Konstmuseum, Gothenburg, Sweden
Figura, Figura, The Fruitmarket Gallery, Edinburgh, Scotland 1991. Art in the Streets, Helsinki Art Festival, Finland
1992 **Pictura**, Lund University, Sweden
1992 **Border Crossing**, Barbican Art Gallery, London, England
1993 **Zeit-Sichten**, FrauenMuseum, Bonn, Germany
1993 **Sculpture workshop at Otepaa**, Tallinn Arthall, Estonia
1994 **Concourse Gallery**, Barbican Art Centre, London, UK

Selected group exhibitions:

1983 Visual Arts Gallery, New York
1985 **Salon d´hiver**, St. Marks Gallery, New York
1985 **The Garbage Show**, Nico Smith Gallery, New York
1985 **Masters of War**, Ammo Gallery, New York
1986-87 **Miklatun-Manhattan**, travelling show in Scandinavian Museums
1988 **Fimm ungir listamenn**, National Art Gallery, Iceland
1990 **The Jubilate Exhibition**, Stockholm Art Fair, Sweden
1990 **The Readymade Boomerang**, The 8th Biennale of Sydney, Australia

Works in Public Collections:

National Art Gallery of Iceland
The Reykjavík Municipal Art Museum, Iceland
Museum of Modern Art, Helsinki, Finland
City of Vanta, Finland
Malmö Museum, Sweden
City of Espoo, Finland

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík

Hulda Valtýsdóttir, formaður / chairman

Guðrún Erla Geirsdóttir

Ingibjörg Rafnar

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Júlíus Hafstein

Selma Guðmundsdóttir

Tumi Magnússon

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavík Municipal Art Museum

Gunnar B. Kvaran

Umsjón með sýningarskrá / Catalogue production

Kristín G. Guðnadóttir

© "WHO ARE YOUR PEOPLE"

Dr. Michael Glasmeier

Ljósmyndun / Photography

Kristján Pétur Guðnason

Jón Óskar (Forsíða / Jósteinn / Cover)

Þýðing / Translation

Alan Rettedal

Elísa B. Þorsteinsdóttir

Yfirlestur handrita / Proofreading and editing

Bernard Scudder

Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Hönnun sýningarskrár / Catalogue design

Birgir Andrésson

Hulda Hákon

Uppsetning / Typesetting

Höskuldur Harri

Skeyting og filmuvinnsla / Colour separation and montage

Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókband / Printing and bookbinding

G. Ben Prentstofa hf.

Á kápu / On cover : Friðrik, Ægir, Hulda, Þormóður



KJARVALSSTAÐIR
LISTASAFN REYKJAVÍKUR
THE MUNICIPAL ART MUSEUM
APRÍL - MAÍ 1994